



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Zoom 15. Júní 2021 kl. 19:30

**Mætt:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Arnar Már Pálmarsson (ARM), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Hauksson (HH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Fylkir Jónsson (FJ), Baldvin Hansson (BH), Árni Gunnlaugsson (ÁG),

**Fjarverandi:** Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Einar Gunnlaugsson (EG)

HRR ritaði fundargerð.

---

### 1. Rafræn skírteini

Létt kynning á rafrænum skírteinum, búið að útbúa skírteini fyrir ákveðna hópa en vantar samt ennþá nokkrar myndir og fólk hvatt til þess að senda myndir á [akis@akis.is](mailto:akis@akis.is).

### 2. Vígslun brautar BA

Rætt um að afhenda BA platta frá AKÍS í tilefni vígslu á nýju spyrnubrautinni þeirra sem á að vígja á Bíladögum 2021. Samþykkt að Helga og Arnar fari til Akureyrar á Bíladaga sem fulltrúar AKÍS og verði sýnileg fyrir hönd Aktursíþróttasambandsins.

### 3. Regluráð og setning reglna

Regluráðin gera breytingu á reglum. Regluráðið lætur AKÍS vita af breytingunum, AKÍS staðfestir og birtir. Ítrekað að senda fundargerðir regluráða og keppnisráða á stjórn AKÍS þegar þær berast.

### 4. Önnur mál

- **Keppnisstjóri**

Ekki var sett krafa á að keppnisstjóri þurfi að hafa setið á námskeiði til að vera skráður sem Keppnisstjóri.

- **Mótakerfið**

Rætt um kosti og galla mótakerfis sem heldur utan um skráningar keppenda, kerfið er í vinnslu og þróun, þau vandamál sem koma upp eru yfirleitt afgreidd samdægurs svo það ætti ekki að koma að sök.

Skráningar “flipinn” á heimasíðu AKÍS verður gerður sýnilegri.

Næsti fundur 6. júlí kl. 19:30.

**Fundi slitið kl. 20:31**